

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja, 8. Apríl 2019 kl 20:00 að Krossmóa 4.

1. Stefán B. Ólafsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara. Formaður stakk upp á Höllu Þórhallsdóttur sem fundarstjóra og Ástríði Sigþórsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.
3. Stefán las skýrslu stjórnar. Fjallaði hann meðal annars um stöðu orlofshúsa félagsins, kjaramál og þjónustukönnun sem félagið lét gera. Unnið er að niðurstöðum könnunarinnar og mun það síðan verða birt á heimasíðu félagsins og í bæjarblöðum. Hluti stjórnarmanna sótti þing BSRB þar sem mikil vinna var lögð í væntanlega kjarabaráttu og kosin nýr formaður BSRB. Stefán sótti norðurlandþing formanna stéttarféлага til Noregs.
4. Lilja Dögg Karlsdóttir endurskoðandi frá KPMG fór yfir reikninga félagsins sem voru samþykktir. Eiríkur Bjarki gerði athugasemd við að tekið væri út úr félagssjóði til endurbygginga orlofshúsa. Nokkur umræða skapaðist um það og mun stjórn kanna hvort þetta sé lögmætt. Kjartan Fr Adólfsson sté í pontu og áréttaði að hér væri einungis um lán að ræða sem yrði endurgreitt inn í félagssjóð.
5. Lagabreytingar voru engar að þessu sinni.
6. Kosning formanns. Stefán B Ólafsson einn í framboði og samþykktur samhljóða.
7. Kosning stjórnar. Aðalmenn í framboði til tveggja ára voru Hafsteinn Ingibergsson, Kjartan Adólfsson og Karvel Granz. Hafsteinn fékk 29 atkvæði, Kjartan 27 atkvæði og Karvel 6 atkvæði og eru því Hafsteinn og Kjartan réttkjörnir til setu í aðalstjórn til næstu tveggja ára. Til varamanna í stjórn voru tveir í kjöri Anna Steinarsdóttir og Karvel Granz og voru þau sjálfkjörin til eins árs.
8. Kosning nefnda.
Kosning endurskoðenda samkvæmt 6.gr. KPMG samþykkt einróma.

Orlofsnefnd. Ástríður Sigbórsdóttir, Elísabet Sævarsdóttir og Guðmundur Birkisson í kjöri. Ástríður fékk 23 atkvæði, Elísabet 28 atkvæði og Guðmundur 11 atkvæði. Orlofsnefnd verður því skipuð Ástríði og Elísabetu en Guðmundur til vara.

Uppstillinganefnd: Ásdís Óskarsdóttir og Guðrún Skagfjörð.

Skoðunarmenn reikninga: Eiríkur B. Eysteinnsson og Guðmundur E Jólsson, Birna Þórðardóttir til vara.

Starfsmenntunarsjóður: Ásdís Óskarsdóttir og Ingibjörg Samúelsdóttir.

9. Ákvörðun félagsgjalda. Samþykkt að hafa þau óbreytt.

10. Kosning fulltrúa á þing BSRB, vísað til stjórnar.

11. Önnur mál. Jón Newman spurði út í hugsanlega sameiningu okkar við önnur félög, hvernig sú vinna gengi. Stfs vinnur töluvert með bæjarfélögum Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Foss. Er þá aðallega um að ræða vinnu varðandi kjarasamninga. Hafsteinn Ingibergsson hvatti félagsmenn til að líta jákvætt til þess að sameinast öðrum félögum. Nokkur umræða skapaðist um kaup og kjör almennt hér á Suðurnesjum og voru meiningar um að laun væru töluvert hærri á höfuðborgarsvæðinu, mun stjórn kanna það. Fatakaflann sívinsæla bar einnig á góma og er þörf á að ganga rösklega í þá vinnu að mati bæjarstarfsmanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 21:45.